




Aðkoma sveitarfélaga að hringrásarhagkerfinu

Ráðstefna um
framtíðarfyrirkomulag
úrgangsmála á Norðurlandi þann
1. apríl 2020

Eygerður Margrétardóttir
Verkefnistjóri í umhverfis- og úrgangsmálum
Sambandi íslenskra sveitarfélaga

HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun



Hugtök

Endurnotkun

Hvers kyns aðgerð þar sem vörur eða íhlutir, sem ekki eru úrgangur, eru notluð í sama tilgangi og þau voru ætluð í upphafi.

Endurvinnsla

Hvers kyns endurnýtingaraðgerð sem felst í því að endurvinna úrgangsefni í vörur, efnivið eða efni, hvort sem er til notkunar í upphaflegum tilgangi eða í öðrum tilgangi. Mælt í þyngd úrgangsins þegar það kemur inn í endurvinnsluferlið. Ekki frálág frá flokkunarstarfsemi.

Endurnýting

Aðgerð þar sem aðalútkoman er sú að úrgangur verður til gagns, hann kemur í stað annars efniviðar sem hefði annars verið notaður í tilteknum tilgangi, eða hann útbúinn til þeirrar notkunar.

Förgun

Hvers kyns aðgerð sem ekki er endurnýting, jafnvel þótt aðgerðin hafi að auki í för með sér endurheimt efna eða orku.

Sérstök söfnun

Söfnun þar sem úrgangsflokkum er haldið aðskildum eftir tegund og eðli til að auðvelda tiltekna meðhöndlun, s.s. undirbúning fyrir endurnotkun eða endurvinnslu.

**AVFALL SVERIGE**

OM OSS

UTBILDNING

AVFALLSHANTERING

KUNSKAPSBANK

AKTUELLT

NYHETSARKIV

PRESSMEDDELANDEN

PUBLIKATIONER

BRANSCHEN REKRYTERAR

AVFALLSTERMINOLOGI OCH SYMBOLER FÖR HUSHÅLLSAVFALL

I KORTHET

ÖSYNLIGT AVFALL

Datum

2020

- mars 2020 (12 Poster)
- Februari 2020 (10 Poster)
- januari 2020 (12 Poster)

2019

- december 2019 (13 Poster)
- november 2019 (6 Poster)
- oktober 2019 (15 Poster)
- september 2019 (13 Poster)
- augusti 2019 (6 Poster)
- juli 2019 (3 Poster)
- juni 2019 (13 Poster)
- maj 2019 (8 Poster)
- april 2019 (3 Poster)
- mars 2019 (7 Poster)
- Februari 2019 (8 Poster)
- januari 2019 (8 Poster)

2018

- december 2018 (9 Poster)
- november 2018 (9 Poster)
- oktober 2018 (9 Poster)
- september 2018 (8 Poster)



2020-01-31

Nya beräkningar visar faktisk återvinning

Avfall Sverige har, med hjälp av konsultföretaget Profu uppdaterat schablonvärden för beräkning av faktisk materialåtervinning. Plasten korrigeras ned kraftigt jämfört med tidigare studie.

Omkring 35 procent av de insamlade plastförpackningarna bedöms i dagsläget kunna materialåtervinnas. Resterande del, 65 procent, går till energiåtervinning. Tidigare har andelen som materialåtervunnits bedömts vara 75 procent.

Plastavfallet från hushållen består av plastförpackningar och så kallad kommunplast, som vissa kommuner har separat insamling av på återvinningscentraler. Till skillnad från plastförpackningar med nationellt insamlingssystem och system för producentansvar startade insamlingen av kommunplast på eget initiativ av

<https://www.avfallsverige.se/aktuellt/nyhetsarkiv/artikel/nya-berakningar-visar-faktisk-atervinning/>



Hlutverk sveitarfélaga - lög nr. 55/2003 (1)

- Fyrirkomulag söfnunar og meðhöndlunar (8., 10., 11. og 57. gr.)

Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. (8. gr.)

Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs. (8. gr.)

Sveitarstjórn skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu, eftir atvikum í samstarfi við aðrar sveitarstjórnir. (8. gr.)

Sérstök söfnun skal alla jafna vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: pappír, málum, plasti og gleri ef það er nauðsynlegt með hliðsjón af markmiðum laganna og tæknilega, umhverfislega og efnahagslega gerlegt. Sveitarfélög skulu útfæra fyrirkomulag sérstakrar söfnunar í samþykkt um meðhöndlun úrgangs og ákvarða hvar úrgangi er safnað þannig að það sé aðgengilegt fyrir íbúa. (10. og 11. gr.)

Sveitarstjórnir bera ábyrgð á að markmiðum sem sett eru um lífrænan úrgang skv. 13. gr. laganna sé náð á þeirra svæði. (57. gr.)

- Samþykkt (8. gr.)

Sveitarstjórn setur sérstaka samþykkt um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir í lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Heimilt er að samþykkt taki til tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Í slíkri samþykkt er heimilt að kveða á um fyrirkomulag sorphirðu, skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang, stærð, gerð, staðsetningu og merkingu sorpílata og sambærileg atriði. (8. gr.)

- Skýrslugjöf (19. gr.)

Rekstraraðilar skulu fyrir 1. maí ár hvert skila til Umhverfisstofnunar skýrslu um þann úrgang sem meðhöndlaður var á undangengnu almanaksári. Skal skýrslan innihalda upplýsingar um tegundir úrgangsins og magn, uppruna eftir atvinnugreinaflokkum og sveitarfélögum og ráðstöfun hvernar tegundar. (19. gr.)



Hlutverk sveitarfélaga - lög nr. 55/2003 (2)

- Svæðisáætlun (6. gr.)

Sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skal semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir, sbr. 5. gr. laganna. Áætlunin skal taka mið af lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu.

Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir.

- Fræðsla (24. og 44. gr.)

Sveitarstjórnir skulu annast gerð upplýsingaefnis um úrgangsforvarnir og meðferð úrgangs í sveitarfélaginu og fræða almenning, rekstraraðila og handhafa úrgangs um úrgangsmál í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir.


Sveitarfélög skulu veita leiðbeiningar um hvernig beri að flokka raf- og rafeindatækjaúrgang og skila honum til söfnunarstöðva sveitarfélaga.

- Gjaldtaka (23 gr.)


Sveitarfélög skulu innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Jafnframt er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laganna, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál.

Heimilt er að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila. Sveitarfélagi er einnig heimilt að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorpílata og/eða þjónustustig.

Hringlaga hagkerfi



Hringlaga hagkerfi



Hringrásarhagkerfið og ESB

- 2014: Framkvæmdastjórn ESB tilkynnir fyrstu tillögu að hringrásarhagkerfi.
- 2015: Birt ný útfærsla aðgerðaáætlunar um innleiðingu hringrásarhagkerfis.
- 2015-2017: vinna að breytingum fjögurra lyktilskipana.
- 2018: fjórar lyktilskipanir til styrktar hringrásarhagkerfinu samþykktar og auk stefnu sambandsins í plastmálefnum.
- 2019: skýrsla um framfylgd aðgerðaáætlunar gefin út, samþykkt tilskipun um að draga úr áhrifum plasts á umhverfið og *Græni samningur Evrópu* kynntur eftir stjórnarskipti.
- Mars 2020: Ný aðgerðaáætlun ESB um Hringrásarhagkerfið kynnt.




Hringrásarhagkerfið – Fimm lykiltilskipanir ESB

- Tilskipun 2018/849 um breytingu á tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang 2012/19/EB, tilskipun um rafhlöður og rafgeyma 2006/66/EB og tilskipun um úr sér gengin ökutæki 2000/53/EB.
- Tilskipun 2018/850 um breytingu á tilskipun um urðun úrgangs 99/31/EB.
- Tilskipun 2018/851 um breytingu á tilskipun um úrgang 2008/98/EB.
- Tilskipun 2018/852 um breytingu á tilskipun um umbúðaúrgang 1994/62/EB.
- Tilskipun 2019/904 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið.



Hringrásarhagkerfið - Helstu breytingar vegna 2018/850/EB, 2018/851/EB og 2018/852/EB

- Krafa um aukið endurvinnsluhlutfall alls heimilisúrgangs og tiltekinna úrgangsflokka - 65% endurvinnsla heimilisúrgangs og 10% förgun 2035.
- Förgun skal lágmarka.
- Aukin krafa um sérsöfnun og óheimilt að farga úrgangi sem hefur verið sérsafnaður til endurnotkunar eða endurvinnslu.
- Koma skal á hagrænum hvötum til að auka endurvinnslu og draga úr förgun úrgangs.
- Innleiða skal lágmarkskröfur um framleiðendaábyrgð.
- Tölfræði úrgangsmála verður bætt.
- Stuðlað að bættri meðferð mannvirkja- og rekstrarúrgangs.



Fyrirliggjandi frumvarp um breytingar á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (mál nr. 329/2019).

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002.

Hringrásarhagkerfið — sérsöfnun úrgangs

Áframhaldandi sérsöfnun á:

- Plasti
- Pappír og pappi
- Málmum
- Gleri



Fyrir 31. des. 2023

Krafa um sérstaka söfnun á lífúrgangi eða endurvinnslu á upprunastað



Fyrir 1. jan. 2025

Krafa um sérstaka söfnun á spilliefnum og vefnaði

Hringrásarhagkerfið - meðhöndlunarmarkmið



Hringrásarhagkerfið - meðhöndlunarmarkmið



Hringrásarhagkerfið - Helstu breytingar vegna 2019/904/EB

Ráðstafanir til að minnka notkun einnota plastvara.

Markaðssetning tiltekinna vara gerð óheimil.

Kröfur gerðar til hönnunar eða samsetningar tiltekinna vara úr plasti.

Kröfur um sérstaka merkingu á tilteknum einnota plastvörum.


Kröfur um framleiðendaábyrgð á tilteknum plastvörum og veiðarfærum.

Kröfur um sérstaka söfnun á tilteknum plastvörum til endurvinnslu.

Ráðstafanir til vitundarvakningar neytenda um plastvörur.

Fyrirliggjandi frumvarp um breytingar á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs (mál nr. nr. 324/2019).

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002.



Plastáskorunin og sveitarfélög

- Víða tækifæri til að draga úr plastnotkun í rekstri.
- Taka þátt í að skapa eftirspurn eftir vörum úr endurunnu plasti.
- Auka vitund íbúa og fulltrúa fyrirtækja.
- Tryggja söfnun á endurvinnanlegu plasti og hámarka endurvinnslu á þeim straumi.
- Nýta hagræna hvata til minni úrgangsmýndunar og aukinna skila á plasti – Framleiðandaábyrgð og PAYT.
- Koma í veg fyrir að plast berist til hafs.
- Hreinsun stranda – tækifæri til samfélagslegra verkefna.



PLASTLAUS
SEPTEMBER



Söfnun á plasti



GUIDANCE ON QUALITY SORTING OF PLASTIC PACKAGING

ESTABLISHING HIGHLY REFINED PACKAGING WASTE STREAMS

Plastic packaging represents the biggest portion of the 51.2 million tonnes¹ of European plastic demand and consequently the biggest portion of waste that is generated, as well as collected for recycling in Europe. As such, the industry must focus on increasing the value of plastics packaging waste and significantly improving the efficiency of its reprocessing, in order to recapture the true value of packaging and transform it into new high-quality products.



Increasing the amount and more importantly the quality of recycled output is directly affected by the quality of sorting practices, among other factors. Therefore, it is imperative to ensure that the quality of packaging materials entering the sorting facilities is optimised, that high-quality standards are set as to how this material is then treated, ultimately securing high-value input for recyclers. As stated in the Plastics Strategy, quality sorting is "essential to avoid introducing contaminants in the recycling streams and retain high safety standards for recycled materials."² Fortunately, in Europe the groundwork is laid out as high-quality sorting practices already exist. The challenge is to create a system where all the complementing steps, such as packaging waste collection, setting of sorting standards and bales quality checks are optimised.

¹ PlasticsEurope (2018), "Plastics - the Facts 2018", https://www.plasticseurope.org/application/files/6355/6350/76654/Plastics_the_facts_2018_AE_web.pdf
² European Commission Communication "A European Strategy for Plastics in a Circular Economy", 10 January 2018, COM(2018)29 final; <http://ec.europa.eu/environment/circular-economy/pdf/plastics-strategy.pdf>



Framundan þörf á fjárfestingum í innviðum

- Aukin krafa um flokkun og sérsöfnun.
- Hærri markmið um endurvinnslu og endurnýtingu.
- Nýting afurða, t.d. moltu og metans.
- Bann við urðun ákveðinna úrgangsflokka.
- Urðunarskattur.
- Breytt gjaldheimta.
- Þarf að finnast ásættanleg lausn á landsvísu fyrir meðhöndlun spilliefna og annars áhættuúrgangs.
- Aukin krafa um skýrslugjöf og gegnsæi upplýsinga.

Í ESB- ríkjunum hlýtur innviðauppbygging til bættrar úrgangsmeðhöndlunar verulega styrki úr uppbyggingarsjóðum ESB auk ríkisstyrkja.



AVFALL SVERIGE

avfall web

Start

Registrering

Rapporter

Sök & Hämta data

Administration

Dokument

Kontakt

Logga ut

Värderingsrapport

Område:

Borlänge

År:


2015

Värderingsrapport - Borlänge (2015)

Läs översta raden ☐

Värderingsdel	Mycket god uthållighet	God uthållighet	Mindre god uthållighet	Dålig uthållighet	Borlänge
MILJÖ - Återvinning/bortskaffande					
Position i avfallsstråpan (%)	>60	51-60	30-50	<30	-
Andel hushållsavfall insamlat för materialåtervinning, inklusive biologisk behandling, (%)	>60	51-60	30-50	<30	42
Andel matavfall som behandlas biologiskt så att växtnäring tas tillvara (%)	>50	36-50	10-35	<10	29
Andel matavfall som behandlas biologiskt så att både växtnäring och energi tas tillvara (%)	>50	36-50	10-35	<10	0
Mängd hushållsavfall till deponering (kg/person)	<3	3-11,9	12-25	>25	10,5
MILJÖ - Insamling					
Mängd insamlat hushållsavfall (kg/person)	<380	380-499	500-650	>650	480
Mängd insamlat mat- och restavfall (kg/person)	<170	170-219	220-265	>265	230

Ákvarðanir sveitarfélaganna skipta máli



Samráðsvettvangur sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið



Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Samþykkt á stofnfundi 19. júní 2019

Stofnfundur samráðsvettvangs sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið SP, sem fram fer í Reykjavík 19. júní 2019, skorar á sveitarstjórnir um allt land að standa að yfirlýsingu í þessa veru:

Sveitarstjórn fagnar því frumkvæði sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið með stofnun samráðsvettvangs, sem ætlaður er sveitarfélögum landsins til samstarfs og samráðs um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Sveitarstjórn telur brynt að ríki og sveitarfélög gripi nú þegar til markvissra og samstilltra aðgerða til að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála og aðlaga íslenskt samfélag að þeim breytingum sem þegar hafa átt sér stað og fyrir séðar eru vegna loftslagsbreytinga. Einn mikilvægasti liðurinn í því aðkallandi starfi er að íslenskt samfélag verði lagað að kröfum sjálfbærrar þróunar. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt gagnlegan grunn að slíku starfi með heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun.

Sveitarstjórn lýsir sig tilbúna til þátttöku í samráðsvettvanginum með þátttöku í fundum og viðburðum um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Á sínum vettvangi mun sveitarstjórn beita sér fyrir markvissum aðgerðum og stefnumótun í átt til aukinnar sjálfbærni og kolefnishlutleysis. Fulltrúar sveitarfélagsins munu einnig, eftir því sem tilefni er til og aðstæður leyfa, taka þátt í miðlun þekkingar, þróun mælinga á árangri og öðru samstarfi sem tengist samráðsvettvanginum.

Stofnfundurinn áréttar að með aðild sinni að samráðsvettvangi sveitarfélaga skuldbinda sveitarfélög sig til þess að nýta samráðsvettvanginn til að miðla þekkingu og reynslu sín á milli varðandi loftslagsmál og innleiðingu heimsmarkmiðanna og leita tækifæra til samstarfs þar sem þau gefast. Samráðsvettvangurinn mun jafnframt vinna eftir föngum að þróun á samannborðarhæfum árangursmælingum og stuðla að greiðu aðgengi að faglegum og fjárhagslegum stuðningi til aðgerða á sveitarstjórnarstigi. Lögð er áhersla á að fjárfundabúnaður verði nýttur í stórfum samráðsvettvangsins til að tryggja greiðan aðgang allra sveitarfélaga að starfinu.

Hvert og eitt sveitarfélag hefur þýðingarmiklu hlutverki að gegna fyrir aðlögun nærsamfélagsins að forsendum sjálfbærrar þróunar. Í heild sinni hefur framlag sveitarfélaga jafnframt afgerandi þýðingu fyrir framgang sjálfbærrar þróunar hér á landi og alþjóðlegar skuldbindingar íslenskra stjórnvalda í þeim efnum.

Loks áréttar stofnfundurinn mikilvægi þess að tryggð verði aðkoma sveitarfélaga að setningu, framfylgd og framþróun laga og reglna er tengjast loftslagsbreytingum og sjálfbærri þróun samfélagsins.


Takk fyrir áheyrnina

Innlent | mbl | 21.8.2019 | 21:47 | Uppfært 22.8.2019 9:00

Tvö tonn á tveimur tímum



Marglitturnar og Blái herinn ásamt forsetanum. Ljósmynd/Aðsend



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA